



Velferðarráð Kópavogs
b.t. Bjargar Baldursdóttur

Kópavogi, 11. október 2024
24051201/306.00

TRÚNAÐARMÁL

Efni: Niðurlagning hjúkrunarsambýlisins í Roðasölum.

Hjúkrunarrými fyrir aldraða eru kostuð af ríkissjóði skv. lögum en algengt er að ríkið geri samninga í gegnum Sjúkratryggingar Íslands um rekstur hjúkrunarheimila við sjálfseignarstofnanir eða sveitarfélög. Öll hjúkrunarheimili á landsvísu þurfa að uppfylla kröfulýsingu heilbrigðisráðuneytisins um starfsemina. Undanfarin ár hafa borist fréttir af miklum rekstrarerfiðleikum hjúkrunarheimila sem rekin eru af sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum þar sem fjármagn á grundvelli samninga við Sjúkratryggingar Íslands dugir ekki til rekstursins. Sveitarfélög hafa kostað til miklum fjármunum til að halda rekstri hjúkrunarheimila sinna gangandi oft af ótta við að missa þau úr heimabyggð og nokkur hafa sagt sig frá verkefninu. Rekstur og starfsemi hjúkrunarheimila fellur ekki undir lögbundnar skyldur og þjónustu sveitarfélaga.

Velferðarsvið Kópavogsbæjar hefur rekið hjúkrunarsambýli fyrir aldraða með minnissjúkdóma á grundvelli samnings við Sjúkratryggingar Íslands frá árinu 2005 en núgildandi samningur rennur út þann 31. mars 2025.

Starfsemi Roðasala

Á heimilinu búa að jafnaði tíu einstaklingar auk þess sem eitt hvíldarinnlagnarrými er til staðar. Þegar Roðasalir voru opnaðir stóð til að þar fengju einstaklingar þjónustu sem væru á fyrri stigum minnistaps og voru allir íbúarnir upphaflega úr Kópavogi. Þróun þjónustunnar hefur hins vegar verið á þá leið að þjónustuþyngd eykst stöðugt og íbúar þurfa í dag mikla þjónustu allan sólarhringinn. Þjónustuþyngdin birtist helst í þróun þyngdarstuðulsins RUG sem hefur hækkað á hverju ári en árið 2016 var hann að meðaltali í 0,8976 og var í upphafi árs 2024 í 1,26 fyrir alla nema tvo íbúa, sem er hæsta gildi stuðulsins. Í dag stýrir færni- og heilsumatsnefnd inntöku íbúa líkt og með önnur hjúkrunarheimili og eru því íbúar ekki einvörðungu Kópavogsbúar líkt og upphaflega. Á landsvísu má sjá breytingar í aldurssamsetningu hjúkrunarheimila með verulegri fjölgun íbúa 90 ára og eldri og hækkuðum meðalaldri íbúa sem virðist birtast í aukinni hjúkrunarþyngd og kostnaði við rekstur.

Á árinu 2017 var farið þess á leit við Sjúkratryggingar Íslands að heimilinu yrði veitt undanþága frá lið 2.1 í kröfulýsingu nánar tiltekið þeim hluta sem snýr að lífslokameðferð: „Þegar lífslok nálgast er það einnig hlutverk hjúkrunarheimilis að veita líknandi meðferð og meðferð við lífslok til að einstaklingurinn geti haldið reisni sinni og átt friðsælt andlát.“ Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) höfðu þeirri undanþágubeiðni 21. mars 2017 og aftur í október sama ár. Í rökstuðningi SÍ kom fram að ekki sé litið svo á um að tímabundin hjúkrunarrými sé að ræða í Roðasölum og því ætti ekki að þurfa að óska eftir flutningi þegar hjúkrunarþarfir íbúanna aukast.



Í júní 2023 varð þó sú breyting á að heimild fékkst til þess að fá undanþágu frá því að sinna einstaklingum sem þurfa stór hjálpartæki sem rúmast illa inni í þröngu húsnæði Roðasala og eins þeim einstaklingum sem þurfa sértæka sjúkrabjálfun vegna aðstöðuleysis í húsinu.

Í skýrslunni *Viðmið um skipulag hjúkrunarheimila* frá árinu 2022 eru gerðar lágmarkskröfur til húsnæðis og aðbúnaðar hjúkrunarrýma, en þar er gert ráð fyrir að öll hjúkrunarrými séu einbýli og að innangengt sé úr hverju rými í baðherbergi. Lagt er upp með að íbúi geti farið hindrunarlaust á baðherbergi, á eigin vegum eða með aðstoð starfsfólks. Einnig er gert ráð fyrir lyftubraut úr herbergi inn á baðherbergi. Vegna smæðar baðherbergja í Roðasölum er notkun hjálpartækja takmörkuð sem skapar slysa- og meiðslahættu fyrir íbúa og starfsfólk. Íbúar hafa ekki sér aðgang að baðherbergjum heldur deila tíu íbúar fjórum baðherbergjum sem getur haft í för með sér ýmsar áskoranir vegna sótthreinsunar og veikinda s.s. vegna covid og annarra sýkinga.

Starfsfólk hefur bent á að þrátt fyrir að til séu ýmis hjálpartæki til þess að létta undir við umönnun og tryggja öryggi íbúa er húsnæðið einfaldlega ekki hannað til þess að hægt sé að beita ákveðnum hjálpartækjum. Í vinnustaðagreiningu sem framkvæmd var í Roðasölum í upphafi árs 2024 benti starfsfólk enn fremur á ekki væri pláss til að geyma sum hjálpartæki, s.s. hjólastóla og að sameiginleg salerni væru of þröng og því erfitt að aðstoða íbúa. Þá er hvergi rými til þess að vera í næði með íbúa. Einnig kom fram að hin aukna þjónustubýngd á heimilinu hefur aukið álag á starfsfólki umtalsvert. Skv. upplýsingum frá forstöðumanni Roðasala námu fjarvistir vegna veikinda starfsfólks rúmlega 5 stöðugildum að meðaltali fyrstu sex mánuði ársins.

Rekstur Roðasala

Rekstur Roðasala byggir á daggjöldum frá ríkinu en tekið er mið af framangreindum RUG stuðlum við útreikning á daggjöldum sem hvert hjúkrunarheimili fær. Gagnrýnt hefur verið að matið miði um of við þarfir vegna endurhæfingar og meti ekki vel hjúkrunarþyngd fólks sem er líkamlega vel á sig komið en þarf mikla athygli, svo sem heilabílaðir. Daggjöldin hafa hingað til ekki dugað til reksturs Roðasala þrátt fyrir að heimilið veiti ekki alla þá þjónustu sem því ber að gera á grundvelli kröfulýsingar. Rétt er að athuga að greina má nokkra stærðarhagkvæmni í rekstri stærri hjúkrunarheimila og eru Roðasalir mjög óhagkvæm rekstrareining og hafa SÍ greitt til Kópavogsbæjar svokallað smæðarálag sem er inni í greiðslum daggjalda. Kópavogsbær hefur greitt með rekstri heimilisins að jafnaði 40 til 70 m.kr. á ársgrundvelli undanfarin ár.

Rétt er að aðgreina milli reksturs dagdvalarinnar sem rekin er í sama húsnæði og mætir færri áskorunum.

Tillaga að niðurlagningu Roðasala

Óformlegar viðræður hafa átt sér stað milli fulltrúa Kópavogsbæjar við annars vegar Hrafnistu og hins vegar heilbrigðisráðuneytið vegna opnunar nýrra hjúkrunarrýma á vegum Hrafnistu í Boðarþingi á miðju ári 2025. Ljóst er að tækifæri eru þar til að flytja íbúa Roðasala í ný hjúkrunarrými sem uppfylla allar kröfur sem gerðar eru til hjúkrunarheimila og ljúka þar með starfssemi heimilisins í Roðasölum í núverandi mynd. Öll rýmin í nýjasta hluta hjúkrunarheimilisins að Boðarþingi eru 22 fm. og þar af eru öll rýmin með 6 fm. baðherbergi. Í viðræðunum kom fram ósk heilbrigðisráðuneytisins að Kópavogsbær tilkynni ráðuneytinu fyrirætlanir bæjarfélagsins tímanlega og var miðað við sex mánaða fyrirvara.



Komist ofangreind tillaga til framkvæmdar er lagt til að húsnæði hjúkrunarhluta Roðasala verði nýtt undir skammtímadvöl fyrir fötluð börn en með minniháttar breytingum væri hægt að breyta húsnæðinu í metnaðarfulla skammtímadvöl fyrir fötluð börn. Meginþungi slíkrar starfssemi fer fram eftir kl. 16:00 svo dagdvalarhluti Roðasala gæti samnýtt hluta húsnæðisins á daginn. Þannig væri hægt að ná fram hámarksnýtingu á húsnæðinu og veita enn betri þjónustu til fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra. Rekstur skammtímadvalar er lögbundin ábyrgð sveitarfélaga skv. ákvæðum laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Framkvæmd niðurlagningar Roðasala

Standa þarf að niðurlagningu heimilisins að Roðasölum með vönduðum hætti þannig að gætt sé að hagsmunum íbúa, aðstandenda og starfsfólks. Málið er mjög viðkvæmt og þess vegna er lagt upp með að tillaga að niðurlagningu Roðasala sé rædd í trúnaði í velferðarráði þann 14.10.2024 og í bæjarráði 17.10.2024. Að loknum bæjarráðsfundi munu stjórnendur velferðarsviðs, mannauðsráðgjafi og fulltrúar Hrafnistu funda með starfsfólki og upplýsa þau um fyrirhugaðar breytingar. Gert er ráð fyrir að við niðurlagningu heimilisins verði öllu starfsfólki sagt upp störfum. Hrafnista mun þarfnast starfsfólks til að manna nýju hjúkrunarrýmið í Boðáþingi og mun starfsfólki Roðasala bjóðast að sækja um störf hjá Hrafnistu. Um er að ræða 28 fastráðna starfsmenn í 18,6 stöðugildum.

Að loknum fundi með starfsfólki verða skipulagðir tíu fjölskyldufundir með hverjum íbúa í Roðasölum og aðstandendum þeirra. Á þessum fundum munu fulltrúar velferðarsviðs og Hrafnistu segja frá fyrirhuguðum breytingum og áhrifum þeirra á lífsgæði og aðstæður íbúa. Leitast verður við að svara sem flestum spurningum og hlúa vel að hlutaðeigandi. Á bæjarstjórnarfundum þann 22.10.2024 verður málið gert opinbert og þá búið að tryggja að íbúar, aðstandendur og starfsfólk hafi verið upplýst.

Samantekt

Lagt er til að Kópavogsbær tilkynni Sjúkratryggingum Íslands að Kópavogsbær muni ekki endurnýja samning um rekstur hjúkrunarheimilisins í Roðasölum í lok mars 2025 en lýsa í staðinn yfir áhuga á að framlengja samninginn tímabundið á meðan íbúar Roðasala flytjast í ný hjúkrunarrými hjá Hrafnistu í Boðáþingi.

Virðingarfyllt,

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs Kópavogs

Fylgiskjal 1.

Skipulag herbergjaálmu Roðasala sýnir að húsakostur er þröngur og að aðstaða til böðunar með hjálpartækjum er ekki viðunandi. Tvær íbúðir eru með sér salerni. Athugið að búið er að breyta íbúð nr. 9 í herbergi og hvíldarrými auk sameignar fyrir þau herbergi en þessi tvö rými deila baðherbergi. Því er einungis eitt rými með sér baðherbergi og herbergi nr. 1-8 deila saman fjórum baðherbergjum, en tvö þeirra eru 3 fm.



